

Fundargerð 152. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 12. febrúar 2020, kl. 12.00, haldin á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946 Ásbrú, Reykjanesbæ.

Mættir: Ísak Ernir Kristinsson stjórnarformaður,
Steinunn Sigvaldadóttir, framkvæmdastjóri,
Elín Árnadóttir,
Reynir Sævarsson,
Ólafur Þór Ólafsson,
Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta stjórnarfundar.*

Borinn upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Ráðning framkvæmdastjóra.*

Stjórnarformaður óskaði eftir að ritari víki fundinn undir þessum lið sem hún gerði. Ráðningasamningur við nýjan framkvæmdastjóra tekinn fyrir. Stjórn samþykkti ráðningasamninginn.

3. *Starfsreglur stjórnar.*

Stjórnarformaður kynnti drög að starfsreglum nýrrar stjórnar. Umræður. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

4. *Verkefni Kadeco.*

Stjórnarformaður fór yfir forsögu og verkefni félagsins og lagði fram gögn til upplýsinga fyrir stjórn.

5. *Fjármagnsskipan félagsins.*

Máli frestað til næsta fundar.


6. *Þjónustusamningur við ríkið.*

Máli frestað til næsta fundar.

7. *Önnur mál.*

a. *Fyrirspurn um lóð í Helguvík.*

Fyrirspurn barst til ráðuneytisins varðandi lóð í Helguvík sem liggur innan starfssvæðis Þróunarfélagsins. Til upplýsinga.



b. *Gagnaversráðstefna.*

Kadeco mun taka þátt í gagnaversráðstefnu í Þýskalandi í mars samkvæmt samstarfssamningi við Íslandsstofu en mun ekki senda fulltrúa á ráðstefnuna að þessu sinni.

Engin önnur mál voru borin upp undir þessu lið.

Næsti fundur stjórnar verður í mars 2020.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.36.

Ysake E. Kristjánsson
Alu hi Alu
Steinn Svavardóttir
Elin Arnardóttir.